

Háttvirtu viðtakendur,
hjá Umhverfi og framkvæmdum Hafnarfjarðarbæjar.

Efni: Hönnun og uppsetning skrautlýsingar í Helliggerði til sýnis þegar Jólaborpið er opið þær fjórar aðventuhelgar fyrir jól. Hönnun og uppsetning er af hálfu rafmagnsdeildar Iðnskóla Hafnarfjarðar í samstarfi við Umhverfi og framkvæmdir Hafnarfjarðarbæjar og yfirverkstjóra þjónustumiðstöðvar. Samstarfsverkefni þriggja aðila; Hafnarfjarðarbæjar-Umhverfi og framkvæmdir, Iðnskóla Hafnarfjarðar-rafdeild og Hátíðar Hamarskotslækjar.

Raflýsing og uppsetning er unnin af nemum rafdeildar Iðnskóla Hafnarfjarðar, að undangenginni hönnun/lýsingar, þar sem tillögur eru samþykktar af Umhverfi og framkvæmdum/ yfirverkstjóra þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðarbæjar.

Þriðji samstarfsaðilinn er Hátíð Hamarskotslækjar, sem stendur fyrir dagskrá þann 14. des. n.k. Undir formlegum dagskrárlið kl. 18.00 er skrautlýsingin formlega afhent og samstarfsaðilar kynntir. Verkefnið gæti verið árlegt samstarfsverkefni þessara þriggja aðila.

Hátíð Hamarskotslækjar er skipulögð af Steinunni Guðnadóttur sem fengið hefur ýmsa aðila til samstarfs og notið stuðnings margra með vinnuframlagi og styrk. Steinunn hefur verið frá upphafi í samstarfi við Halldór Árna Sveinsson kvikmyndargerðarmann, sem tekið hefur upp allar Hátíðir Hamarskotslækjar, viðtöl tengd upplýsingaöflun og sýnt kvikmyndabrot sl. tvær hátíðir. Hugmynd Steinunnar að þessu samstarfi er sótt í heimsókn hennar á aðventu á sumarsetur Edisons á Florida, þar sem garður hans var skreyttur í anda jólanna og tré skreytt á ýmsa vegu með skrautlýsingu, svo unun var að ganga um garðinn og virða hann fyrir sér.

Steinunn hefur staðið fyrir Hátíð Hamarskotslækjar á hverju ári í desember, til þess að halda á lofti þeim merka menningarþætti Hafnarfjarðar, að við Hamarskotslæk er stofnuð fyrsta almennisgrafveita landsins þann 12. desember 1904 af Jóhannesi J. Reykdal. 14. desember næstkomandi verður hátíðin haldin í fimmta skipti og þá verða 110 ár frá því að Jóhannes J. Reykdal kveikti rafljós í 16 húsum í Hafnarfirði.

Þann 14. desember eða þriðja í aðventu eins og verið hefur undanfarin ár verður Hátíð Hamarskotslækjar haldin með ýmsum dagskráratríðum. Drög að dagskrá er sett fram með það í huga að allir dagskrárliðir geti orðið að veruleika, en það er háð styrkveitingum.

13.00 Víðavangshlaup 10 km. Eins og undanfarin ár, þá er hlaupið Kaldárhlaup og hlaupaleiðin er meðfram vatnaleið Hamarskotslækjar. (sjá Hlaup.is)

14.00 Verðlaunaafhending í Víðavangshlaupi fer fram á sviði Jólaborpsins að hálfu Grílu.

16.00 Ljósaganga hefst við Reykdalsstíflu.

17.00 Ljósaganga endar við svið jólaborpsins, Kór á sviði sem syngur og stjórnar samsöng.

18.00 Frumsýning kvikmynda og rafbókar. Kynning á mynjagrip hátíðarinnar.

Formlegur vettvangur að setja af stað önnur samstarfsverkefni.

Steinunn kom að máli við skólameistara Iðnskóla Hafnarfjarðar sem tók jákvætt í margþætt erindi fulltrúa Hátíðar Hamarskotslækjar. Samstarfsverkefnið um Skrautlýsingu í Hellisgerði og afhending þess, yrði einn liður í formlegri dagskrá Hátíðar Hamarskotslækjar kl. 18.00 þann 14.des. 2014.

Hér með er óskað eftir samstarfi við Umhverfi og framkvæmdir Hafnarfjarðarbæjar við áður nefnda samstarfsaðila.

Með vinsemd og virðingu,
Steinunn Guðnadóttir
Hátíð Hamarskotslækjar
Birkiberg 18, 221 Hafnarfirði,
steinunn.g@siminn.is